

Viljayfirlýsing

Kópavogsbær, kt. 700169-3759, Digranesvegi 1, 200 Kópavogi („Kópavogsbær“), Garðabær, kt. 5701696109, Garðatorgi 7, Garðabæ og Hestamannafélagið Sprettur, kt. 590712-0940, Hestheimum 14-16, Kópavogi (hér eftir sameiginlega vísað til sem „aðilar“) gera með sér eftirfarandi viljayfirlýsingu vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar félagshesthúss og skólastofu á félagssvæði Sprettis.

Vísað er m.a. til minnisblaðs Sprettis varðandi áform um stækkun og uppbyggingu innviða á félagssvæði Sprettis og ósk um fjármuni í fjárhagsáætlun sveitarfélaganna. Í minnisblaðinu er rakið að Sprettur hefur þá sýn að gera hestamennsku og samveru við hesta aðgengilegri fyrir breiðari hóp í samfélaginu en þekkist í dag með áherslu á heilsueflingu, félagslegan stuðning og menntun. Hestamannafélagið Sprettur hafi á undanförunum árum byggt upp öflugt og skuldlaust félag sem standi á traustum rekstrargrundvelli. Félagið eigi í dag allar fasteignir sínar án skamm – eða langtímalána. Félagið reki öfluga starfsemi fyrir alla félagsmenn með sérstaka áherslu á yngri kynslóðina.

Aðilar telja mikilvægt að styðja við markmið sveitarfélaganna um lýðheilsu, vellíðan og sjálfbærni. Með uppbyggingu kennslu- og félagshesthúss verði til vettvangur sem m.a. getur boðið upp á þjónustu fyrir breiðari hóp með áherslu á félagslegan stuðning og sjúkrapjálfun með aðstoð hesta. Þetta er í takt við alþjóðlega þróun í hestatengdri heilsueflingu og styður við nýliðun í hestamennsku, aukna þátttöku og aðgengi allra að öruggri og faglegri aðstöðu.

Í samræmi við framtíðarsýn félagsins hefur verið unnið að áformum um uppbyggingu sem miða að því að bæta aðstöðu fyrir kennslu, félagsstarf, aðgengi og lýðheilsutengd verkefni. Þetta er einnig í samræmi við samtöl bæjarfélaganna við Sprett í aðdraganda þess að Landsmót hestamanna 2024 var fært yfir á félagssvæði Fáks í Reykjavík.

Með viljayfirlýsingu þessari lýsa aðilar vilja sínum til þess að byggt verði upp félagshesthús og skólastofa en frekari uppbygging á svæðinu verði skoðuð í framhaldinu. Áætluð stærð félagshesthússins er 450 fermetrar og áætlaður kostnaður við byggingu þess er 170 milljónir króna. Félagshesthúsið rúmi um 40 hesta og þar verði aðstaða fyrir fatlaða einstaklinga til að sækja sér reiðkennslu. Aukinheldur er hugmyndin um að grunnskólanemendur í sveitarfélögunum verði gert kleift að sækja reiðkennslu sem hluta af vali í grunnskóla á skólatíma.

Garðabær og Kópavogur lýsa því hér með yfir að sveitarfélögin hafa vilja til að leggja hestamannfélaginu Spretti til styrk að fjárhæð 55 milljónir króna hvort í verkefnið, eða samtals 110 milljónir króna.

Gerður verður sérstakur samningur um framkvæmdina þar sem nánar verður kveðið á um staðsetningu, tilhögun framkvæmda, áætlaðan verktíma og tímasetningu greiðslna frá sveitarfélögunum. Jafnframt lýsa aðilar því yfir að þeir munu setja á laggirnar starfshóp sem móti framtíðarsýn uppbyggingar svæðisins, m.a. með hliðsjón af minnisblaði Sprettis um þarfir félagsins og framtíðarsýn.

Yfirlýsing þessi er þó með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar Kópavogs og bæjarstjórnar Garðabæjar.

xx. mars 2026

Almar Guðmundsson

Ásdís Kristjánsdóttir

Jónína B. Vilhjálmsdóttir

Bæjarstjóri Garðabæjar

Bæjarstjóri Kópavogs

Formaður Spretts